

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður Ásmundarstöðum



| | | | |
|---------------------|--------------------------|-------------------------|-----------------------------|
| Dags eftirlits | 19.11.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Reykjagarður | Eftirlitsmaður | Gottskálk Friðgeirsson |
| Heimili | Ásmundarstaðir | Tegund eftirlits | Reglubundið seinna eftirlit |
| Kennitala | 6509032180 | Flokkur | Pauleldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Magnús Huldar Ingbórsson | ÍSAT nr. | 01.47.1 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jóhanna Hilmarsdóttir | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum fundust í eftirliti en þeim var báðum lokað þar sem skýrslur sem þau fjalla um hafa borist stofnuninni.

Ein ábending var gerð en hún snýr að gerð minnisblaðs um stöðu búsins gagnvart kröfum í BAT-niðurstöðum.

UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúar rekstraraðila voru Magnús Huldar Ingbórsson og Jóhanna Hilmarsdóttir en Gottskálk Friðgeirsson mætti frá Umhverfisstofnun.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlandssvæðis, 23. september 2010 og gildir til september 2022.

Boðuð dagskrá:

Fundur

- Kröfur í starfsleyfi / farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - aukaafurðir dýra – merkingar gáma og förgun
 - besta aðgengilega tækni fyrir þauleldisbú / umhverfisstjórnunarkerfi
 - frárennsli /seyra
 - efnanotkun / úrgangur
 - hæsnaskítur geymsla/dreifing / að breyta starfsleyfinu?
 - skráningar, skýrslur og dagbók

Skoðun í fyrirtækinu

Seinna eftirlit ársins að Ásmundarstöðum var framkvæmt 19. nóvember sl. Þar sem enn eru í gildi COVID-19 ráðstafanir var tekið mið af þeim og hafðar uppi ýmsar varnir.

1. Aukaafurðir dýra.

Rekstraraðili og fulltrúi Umhverfisstofnunar hafa báðir haft samband við dýralækni hjá Matvælastofnun (sérgreinaðýralæknir með aukaafurðir dýra) og fengið upplýsingar um meðferð sjálfdauda hænsnfugla. Sendar voru upplýsingar um að merkingar hrægáma á alifuglabúum: „Áhættuflokkur 2 – óhæft í fóður“. Í viðauka 8 í reglugerð um aukaafurðir dýra (674/2017/IS) eru settar fram kröfur sem gilda um söfnun og flutning. Í kafla II koma fram þær kröfur sem gerðar eru til íláta og gáma fyrir söfnun á aukaafurðum dýra.

Leiðbeiningar Matvælastofnunar ganga líka út á það að mismunandi kröfur eru fyrir CAT 2 (sjálfdaudan fugl) og CAT 3 (aflífaðan fugl). CAT 2 (sjálfdaudan fugl) skal brenna, eða ef á að urða CAT 2 (sjálfdaður fugl) þá skal þrýstisæfa hann áður en það má urða hræin.

Reglugerðin heimilar ekki að urða þessi hræ beint heldur skal urða þau að undangenginni vinnslu með þrýstisæfingu (aðferð 1 í kafla III viðauka IV rgl 674/2017).

Rekstraraðili vinnur nú að því með fulltrúum Matvælastofnunar að koma þessum málum í góðan farveg.

2. Besta aðgengilega tækni fyrir þauleldisbú (alifuglar).

Rekstraraðili skal máta sig við BAT-niðurstöður sem ESB gaf út sem 15. febrúar 2017. Gefinn er fjögurra ára aðlögunartími.

Í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit segir í 4. mgr. 14. gr. að útgefandi starfsleyfis (hér Umhverfisstofnun) skuli innan fjögurra ára frá birtingu BAT-niðurstöðna tryggja að öll starfsleyfisskilyrði fyrir viðkomandi stöð séu endurmetin og ef nauðsyn ber til, uppfærð.

Því er þess varið á leit, samsvarandi og gert var fyrir búið á Jarlsstöðum, unnin sé greinargerð um það hvernig Ásmundarstaðarbúið stendur gagnvart BAT-niðurstöðum. Rekstraraðili hefur ráðið VSO Ráðgjöf ehf. til að greina stöðu búsins gagnvart BAT-niðurstöðum eins og eins og framkvæmdastjórn ESB birti þær þann 15. febrúar 2017.

3. Frárennsli / seyra

Í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Kölkunarstöð fyrir seyru á Flúðum hefur rekstraraðili komið seyru sem safnast fyrir í rotþróum á búinu í farveg næstu árin. Fengist hefur leyfi til þess að skila seyru í Kölkunarstöðina þar sem seyran er unnin og nýttist sem áburður á gróðurvana land. Fjórar þrær eru við eldishús og fjórar við stofnfuglahús og voru allar tæmdar tvisvar á ári. Holræsa- og stíflupjónusta Suðurlands sér um tæmingu rotþróa og akstur í Kölkunarstöð fyrir seyru á Flúðum.

4. Efnanotkun og úrgangur

Lítið magn hættulegra efna er notað á búinu. Helstu efni eru sóttþreinsiefni sem notuð eru við þrif á milli fuglahópa. Verktaki við þrif er Páll Melstað, reynslumikill verktaki.

Úrgangur er flokkaður og sér Gámastöðin um tæmingu gáma. Úrgangi af þessu svæði er ekið í Sorpstöð Rangárvallasýslu að Strönd þar sem frekari meðhöndlun, flokkun og urðun fer fram.

Rekstraraðili er að leita leiða til þess að geta nýtt hæsnaskít til áburðar á land í nágrenni búins. Eftir að hafa leitað leiðbeininga hjá Umhverfisstofnun þá er einsýnt að sækja þarf um breytingar á starfsleyfi Ásmundarstaðabúsins til þess að þetta sé hægt. Landgræðsla ríkisins, Flúðasveppir og ábúendur á Þjórsártúni hafa leyfi til nýtingar á hæsnaskítum.

5. Skráningar, skýrslur o.fl.

Innra eftirlit var byggt upp í samvinnu við Sýni ehf. Sýni ehf., Matís og Rannsóknarstofa HÍ að Keldum greina eftirlitssýni.

Skrá skal upplýsingar um framleiðsluhópa sbr. grein 4.1.a, um fóður sbr. 4.1.b, niðurstöður gæðaaathugana sbr. 4.1.c, vatnsnotkun sbr. 4.1.d, rekstur hreinsibúnaðar og þjónustu við mengunarvarnarbúnaðar sbr. 4.1.e, efnainnkaup sbr. 4.1.f.,

Útstreymisbókhald fyrir árið 2019 barst 5. maí sl. en skil skulu vera fyrir 1. maí ár hvert. Þetta er frávik frá kröfum en frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.

Grænt bókhald fyrir árið 2019 barst 26. maí sl. en skil skulu vera fyrir 1. maí ár hvert. Þetta er frávik frá kröfum, en frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.

Ryk, lykt og hávaði hafa ekki verið vandamál á búinu og engar kvartanir borist.

Farið var yfir áhættumat fyrir þauleidsbúið og hlustað á athugasemdir rekstraraðila. Engin vatns- eða náttúruverndarsvæði eru nálæg búinu og allir íbúar eru tengdir rekstrunum eða afkomendur fyrrum rekstraraðila. Svæðið er deiliskipulagt fyrir kjúklingabú og samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps árið 2006.

Verkefni Umhverfisstofnunar með heilbrigðisnefndum um söfnun upplýsinga um olúgeyma var kynnt og rekstraraðili setti málið í farveg með söluaðila eldsneytis og báust olúgeymaupplýsingar nú í desember. Upplýsingar um neyslu-, húsa-, og lausageyma á búinu hafa borist stofnuninni.

6. Skoðunarferð

Farið var í skoðunarferð um svæðið og ekki var tilefni til athugasemda. Teknar voru myndir af nýjum merkingum á hrægámum.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|-------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| kröfum í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. | Í samræmi við 11. gr. reglugerðarinnar skal fyrir 1. maí ár hvert skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um grænt bókhald. Skýrsla rekstraraðila barst 26. maí sl. |
| kröfum í reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. | Í samræmi við 2. gr. reglugerðarinnar ber fyrirtækjum sem falla undir I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 að skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna (útstreymisbókhaldi) fyrir 1. maí ár hvert fyrir næsta almannaksár á undan. Útstreymisbókhald barst 5. maí sl. |

ÁBENDINGAR


Rekstraraðila var bent á að nú líður óðum að því að aðlögunartími vegna innleiðingar krafna um BAT-niðurstöður líði undi lok og þá þurfa rekstraraðilar að máta sig við BAT-niðurstöðurnar.

ANNAÐ

Báðum frávikum sem komu fram í eftirlitinu og snéru að gagnaskilum er lokað í þessari skýrslu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.12.2020



Gottskálk Friðgeirsson